

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski og söltuðum ufsaflökum fyrir tímabilið 1.—31. desember 1982.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest að sá verðgrundvöllur fyrir óverkaðan saltfisk og söltuð ufsaflök sem gildi fyrir tímabilið 1. september til 30. nóvember 1982 og staðfestur var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 18. október gildir óbreyttur fyrir desembermánuð 1982.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1.—31. desember 1982.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest, að sá verðgrundvöllur fyrir freðfisk sem gildi fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 30. nóvember 1982 og

7. desember 1982.

1351

Nr. 766.

staðfestur var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 17. september gildir óbreyttur fyrir desembermánuð 1982.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.*

F. h. r.  
**Jón L. Arnalds.**

Kristín Magnússon.

7. desember 1982.

Nr. 767.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir tímabilið 1.—31. desember 1982.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest, að sá verðgrundvöllur fyrir frysta rækju sem gildi fyrir tímabilið 1. september til 30. nóvember 1982 og staðfestur var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 15. október gildir óbreyttur fyrir desembermánuð 1982.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.*

F. h. r.  
**Jón L. Arnalds.**

Kristín Magnússon.